

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

396. fundur

Föstudaginn 15. ágúst 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 7:30.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hjördís Ýr Johnson, (HÝJ), Lovísa Jónsdóttir (LJ), (ÖJ) Kristín Thoroddsen (KT), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG). Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Árshlutauppgjör janúar til júní lagt fram til samþykktar
2. Fjárhagsáætlun 2024 fyrstu drög
3. Launamál
4. Sölutölur
5. Innri endurskoðun, framlenging á núverandi samningi
6. Þjónustusamningur við Vegagerðina.
7. Skipan stjórnar
8. Fyrirspurnir og tillögur frá Flokki fólksins (reglur vegna gæludýra í vögnum, öryggismyndavélar í vögnum), Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík (kostnaður við Klapp, merkingar á Lækjartorgi) og Sósíalistaflokknum (pöntunarþjónusta kostnaður 2023 og 2024)

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör janúar til júní 2024

Framkvæmdastjóri kynnti árshlutauppgjör janúar til júní 2024. Hagnaður af rekstrinum fyrstu sex mánuði var 188 m.kr. til samanburðar við tap upp á 142 m.kr. fyrstu sex mánuði 2023. Farþegatekjur jukust um 9% milli ára. Rekstrargjöld jukust um rúm 4% milli ára sem skýrist að mestu aðkeyptum akstri og Pant. Ekki hefur verið gengið frá kjarasamningi við samningsaðila en núverandi samningur rann út 1. apríl s.l.

Handbært fé var 321 m.kr. í lok tímabils, þar af eru 89 m.kr. ætlaðaðar í vagnakaup en búið er að festa kaup á 2 rafvögnum sem koma í haust. Framkvæmdastjóri upplýsti um ítrekuð innbrot í vagna og þjófnað á fé úr baukum í vögnum með tilheyrandi tjóni og kostnaði. Strætó hefur kært málin til lögreglu.

Stjórn samþykkir árshlutauppgjörið með undirritun sinni.

2. Fjárhagsáætlun 2025 – meginforsendur og fyrstu drög

Framkvæmdastjóri fór yfir meginforsendur að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2025. Stjórn óskaði eftir að tekið væri saman minnisblað í samræmi við umræður á fundinum og að boðað verði til eigendafundar. Fyrirsjáanlegt er að kostnaður við rekstur vagna og aðkeypts akstur hækkar umfram áætlaða spá um hækkun vísitölu. Strætó hefur ráðist í umtalsverðar hagræðingar í leiðarkerfi og á skrifstofu síðustu ár og hækkað gjaldskrá til að bæta fjárhagstöðu félagsins. Framkvæmdastjóri lagði fram skýrslu frá KPMG um áætlaða fjárþörf Strætó 2024 til 2029. Óvissupættir eru nokkrir, þeir helstu er aldur vagna Strætó, áhrif aukningu í umferð á leiðarkerfið og

áhrif hámarkshraðabreytinga á leiðarkerfið. Fram undan er mikil uppbygging hleðsluinnviða vegna orkuskipta.

Strætó sótti um styrk til uppbyggingu hleðsluinnviða til Orkusjóðs en fékk neitun. Stjórn harmar að umsókn Strætó hefi ekki hlotið brautargengi.

3. Launamál

Stjórn Strætó hefur fjallað um launamál framkvæmdastjóra og samþykkt að hækka launa hans í samræmi við krónutöluhækkun kjarasamninga. Enn fremur var Dóru Björt Guðjónsdóttur, verðandi formanni stjórnar, falið að undirbúa stofnun starfskjaranefndar. Í umræðum kom fram að laun framkvæmdastjóra hafa einungis hækkað um rúm 7% frá árinu 2017 og eru orðin töluvert lægri en eðlilegt getur talist. Nefndinni verði falið að fara yfir launakjör forstjóra og stjórnar og taka m.a. hliðsjón af launum hjá Sorpu bs.

4. Sölur til loka júlí

Farþegatekjur í júní og júlí er um 4% undir áætlun. Skýrist að mestu af minni sölu árskorta og tafa við innleiðingu á snertilausum greiðslum (EMV). Sala mánaðarkorta er umfram áætlanir í mánuðunum. Sala til dagsins í dag er einnig um 4% undir áætlun.

5. Innri endurskoðun

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningi við Deiloitte um innri endurskoðun og lfengnu álitu endurskoðunarnefndar Strætó.

6. Skipan stjórnar

Dóra Björt Guðjónsdóttir var kjörin formaður stjórnar Strætó og Hjördís Ýr Johnson varaformaður

7. Fyrirspurnir og tillögur

Fyrir fundinum lágu fyrirspurnir og tillögur frá fulltrúa Flokks fólksins, Sjálfstæðisflokksnum og Sósíalistaflokksnum. Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara erindunum.

Fundi slitið kl. 9:30

Fylgiskjöl: Árshlutauppgjör jan til júní, kynning á árshlutauppfjöri, helstu forsendur fjárhagsáætlun, áætluð fjárför Strætó, sölutölur

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Hjördís Ýr Johnson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson